



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólgötu  
101 Reykjavík

Reykjavík 18. júní 2021

### **Efni: Ábendingar nemenda varðandi fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum**

Umboðsmaður barna leggur ríka áherslu á þátttöku barna og þá meginreglu Barnasáttmálans, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, að við mótun stefnu og töku ákvarðana í málum sem varða börn, sé ætíð leitað eftir sjónarmiðum þeirra. Í starfi sínu leggur umboðsmaður barna auk þess áherslu á að eiga samtal við fjölbreytta hópa barna um allt land. Af þeim samtölum má ráða að börn eru afar meðvituð um mikilvægi grunnskólamenntunar, sem undirbúning fyrir frekari menntun þeirra og samfélagslega þátttöku. Í þeim samtölum hefur stór hópur barna lýst yfir efasemdum um að skipulag skólastarfs í grunnskólum endurspegli breyttar áherslur á vinnumarkaði og í samfélaginu, og hafa mörg þeirra komið því á framfæri við umboðsmann barna, að þau telji tímabært að breytingar séu gerðar á fyrirkomulagi sundkennslu í efstu bekkjum grunnskóla. Í aðalnámskrá er að finna hæfniviðmið fyrir skólaíþróttir, þ.m.t. fyrir sund. Samkvæmt þeim viðmiðum eiga nemendur grunnskóla við lok 10. bekkjar að geta sýnt leikni og synt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi, flugsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða. Ljóst er að þær kröfur sem gerðar eru til nemenda grunnskóla um sundfærni, eru þannig langt umfram það sem nauðsynlegt má telja, til þess að nemandi geti eftir útskrift úr grunnskóla, átt þess kost að stunda sund sem líkamsrækt á öruggan hátt. Í samtölum umboðsmanns við börn hafa komið fram hugmyndir um að sundkennsla í efstu bekkjum grunnskóla verði gerð valkvæð að einhverju leyti, standist nemandi stöðupróf í sundi og hafi þar með sýnt fram á viðunandi hæfni.

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að augin sundfærni styrki sjálfsmynd og auki sjálfsöryggi einstaklingsins, en í samtölum umboðsmanns barna við börn hefur komið fram að ákveðinn hópur nemenda upplifi óöryggi og vanlíðan í sundtímum, þar sem þeir telja sig eiga erfitt með að uppfylla þær miklu kröfur sem gerðar eru til þeirra, sbr. áður nefnd hæfnisviðmið. Í aðalnámskrá segir enn fremur að auðvelt sé að tengja umræðu um kynímyndir, einelti og ofbeldi við sundkennslu, en í framkvæmd virðist lítið vera um slíka umræðu. Hins vegar hafa margir nemendur í eldri bekkjum grunnskóla, og þá sérstaklega hinsegin börn, lýst upplifun af einelti og áreitni í sundkennslu.

Með vísan til alls framangreinds vill umboðsmaður barna hvetja mennta- og menningarmálaráðherra til að taka til skoðunar fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum og að leita með virkum hætti eftir skoðunum grunnskólanema á því málefni eins og ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, gera kröfu um.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna